

Ákvæði um upplýsingaskilti framkvæmdasvæða og útlit vinnusvæðagirðinga/framkvæmdagirðinga.

Framkvæmdaaðili skal gera grein fyrir upplýsingaskiltum og útliti/ásýnd á framkvæmdasvæði.

1. Skila þarf inn mynd þar sem skilgreint er nákvæmt útlit vinnusvæðagirðinga, hvernig og hvar þær verða settar upp.
2. Skila þarf inn áætlun um það hvernig tryggt verði að vinnusvæðagirðingar verði snyrtilegar í borgarumhverfi og með hvað hætti á að fegra þær.
3. Skila þarf inn tilbúnu upplýsingaskilti í pdf.

Upplýsingaskilti skal vera í samræmi við skapalón sem fylgir með umsókn afnotaleyfis og eins og fram kemur í byggingaleyfi.

Skilta þarf allar hliðar framkvæmdasvæðis og stærð skilta skal aldrei vera minna en tvö skilti sem hvort um sig eru 150 cm á hæð og 200 cm á breidd. Texti upplýsingaskilta skal ávalt vera bæði á íslensku og ensku. Ef framkvæmdagirðing á viðkomandi hlið er minni en 6 metrar er heimilt að hafa eitt skilti, sjá skapalón. Heimilt er að skilta umfram það sem hér kemur fram. Ekki er heimilt að nýta upplýsingarskilti/vinnusvæðagirðingar í auglýsingarskyni.

Vinnusvæðagirðinga þurfa að uppfylla reglur um 34.2 gr. reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996, samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ef vinnusvæði er girt af með heilum plötum skulu þær vera málaðar og vel við haldið. Leitast skal við að hafa litina ljósa og í takt við umhverfið. Leiðbeinandi litir eru: RAL 9018, RAL 9022 og RAL 9003. Framkvæmdagirðingum skal haldið vel við og þær fegraðar í takt við umhverfið. Tryggja þarf viðhald vinnusvæðagirðinga og verði þær fyrir skemmdum eða hnjaski er það alfarið á ábyrgð framkvæmdaaðila að hreinsa þær og lagfæra. Framkvæmdasvæðið skal vera snyrtilegt gagnvart íbúum og gestum borgarinnar og þannig að prýði sé af þeim.

Ákvæði í skilmálum afnotaleyfa:

Upplýsingaskilti og útlit vinnusvæðagirðinga skulu uppfylla **Ákvæði um upplýsingaskilti framkvæmdasvæða og útlit vinnusvæðagirðinga/framkvæmdagirðinga.**